

Inngangsorð að uppfærslu á ritinu *Fiskveiðireglur Íslands og Evrópusambandsins*¹

Í ritinu *Fiskveiðireglur Íslands og Evrópusambandsins*² er fjallað um lagareglur Evrópusambandsins á sviði fiskimála, stjórnun fiskveiða á Íslandi og áhrif bandalagsréttar á íslenskar fiskveiðireglur ef til þess kæmi að Ísland gerðist aðili að Evrópusambandinu. Í textanum sem hér fer á eftir verður getið breytinga sem orðið hafa á þeim lagareglum sem vitnað er til í bókinni. Þá er einnig getið um dóma sem kunna að skipta máli og fallið hafa eftir að bókin kom út. Hér er ekki ætlunin að koma með tæmandi fræðilega umfjöllun um þróun fiskveiðireglna Íslands og Evrópusambandsins eftir útgáfu bókarinnar heldur er um að ræða uppfærslu laga- og reglugerðarákvæða og dóma eftir atvikum. Kaflaskiptingin er sambærileg kaflaskiptingu í bókinni *Fiskveiðireglur Íslands og Evrópusambandsins*. Þá er einnig vísað til blaðsíðutals í því riti.

I. hluti. Hin sameiginlega fiskveiðistefna Evrópubandalagsins³

1. kafli. Inngangur

15-22 Það sem veldur mestum breytingum á fyrsta kafla bókarinnar, þ.e. bls. 15-22, síðan hún kom út, er einkum það að framkvæmdastjórn Evrópusambandsins gaf út nýja grænbók á árinu 2009.⁴ Í grænbókinni er fjallað um ágalla á sameiginlegri fiskveiðistefnu Evrópusambandsins og lagðar fram tillögur að endurbótum.⁵

Um veikleika sameiginlegu fiskveiðistefnunnar

Hér verða reifuð helstu efnisatriði grænbókarinnar frá því í apríl 2009 þar sem meðal annars er fjallað um veikleika sameiginlegu fiskveiðistefnunnar og að hvaða leyti endurbæturnar frá árinu 2003 hafa ekki náð þeim árangri sem að var stefnt.

Í upphafi grænbókarinnar er þess getið að hin sameiginlega fiskveiðistefna Evrópusambandsins hafi ekki reynst nægilega vel til að stemma stigu við ofveiði

¹ Garðari Garðarssyni, hrl., Kjartani Vali Þórðarsyni, Maríu Thejll, Óttari Pálssyni, Stefáni Má Stefánssyni og Viðari Má Matthíassyni eru færðar bestu þakkir fyrir yfirlestur og aðstoð við gerð uppfærslunnar.

² Óttar Pálsson og Stefán Már Stefánsson: *Fiskveiðireglur Íslands og Evrópusambandsins*, Reykjavík, 2003.

³ Hér verður vísað til Evrópusambandsins nema þegar notaðar eru fyrirsagnir úr *Fiskveiðireglum Íslands og Evrópusambandsins*.

⁴ Grænbók framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um endurbætur á sameiginlegu fiskveiðistefnunni frá 22. apríl 2009, sjá COM (2009) 163 (hér eftir nefnd grænbókin).

⁵ Sjá einnig umfjöllun um grænbókina á íslensku í Yfirlitsskýrslu sendiráðs Íslands í Brussel, júlí-ársloka 2008.

15-22

fiskistofna, of mikilli afkastagetu fiskiflota Evrópusambandsins, miklum niðurgreiðslum, litlu fjárhagslegu þanþoli greinarinnar samfara því að afli evrópskra sjómanna er minni en áður.

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins telur að núverandi ástandi verði aðeins snúið við með víðtækum endurbótum á sameiginlegu fiskveiðistefnunni. Fram kemur í grænbókinni að viðsnúningur geti ekki orðið með smávægilegum endurbótum heldur þurfi víðtækar breytingar svo hægt sé að koma sameiginlegu fiskveiðistefnunni úr þeim vítahring sem skapast hefur síðustu áratugi.⁶

Fiskiðnaðurinn er sagður nauðsynlegur ríkjum Evrópusambandsins, bæði til fæðuöflunar og til að styðja við strandsvæði sambandsins. Því sé mikilvægt að tryggja fiskiðnaðnum framtíð með endurbættri fiskveiðistefnu. Talið er að evrópskir fiskistofnar hafi verið ofveiddir í áratugi og fiskifloti sambandsins verið of stór fyrir þær auðlindir sem í boði eru. Þetta þýði að of mörg skip séu á eftir of fáum fiskum í sjónum. Þá segir að mikill hluti flotans sé því fjárhagslega óburðugur. Útkoman hafi orðið sú að stöðugt sé veitt minna á evrópskum hafsvæðum og meira en helmingur þess fisks sem neytt er á evrópskum markaði sé innfluttur.⁷

Í grænbókinni segir að fiskveiðistefnu Evrópusambandsins sé ekki lengur hægt að líta á sem einangraðan hluta óháðan umhverfistefnu hafsins og öðru sem við kemur starfsemi tengdri hafinu. Endurskipulagning sameiginlegu fiskveiðistefnunnar verði því að taka mið af heildarmyndinni.⁸

Þess er getið að almennt séu sífellt fleiri meðvitaðir um að það þurfi að viðhalda lífríki hafsins. Vaxandi áhyggjur innan Evrópusambandsins og víðar um heim affæðuöryggi leiði til þess að það sé enn mikilvægara en áður að stjórna og viðhalda

⁶ Samanber bls. 3-4 í grænbókinni.

⁷ Grænbókin, bls. 4.

⁸ Meðal annars í samræmi við sameiginlega stefnu Evrópusambandsins um hafið og umhverfishluta hennar sem heitir á ensku Marine Strategy Framework Directive, sbr. Council Regulation 2008/56/EC of the European Parliament and of the Council of 17 June 2008 establishing the framework for Community action in field of marine environmental policy. Sjá nánar á bls. 4 í grænbókinni.

15-22

náttúrulegum auðlindum af ábyrgð og án þess að stofna þeim í hættu. Þá kemur fram að evrópskar fiskveiðar verði að byggjast á skynsamlegum sjónarmiðum, fjárhagslegur teygjanleiki útgerða þurfi að aukast og aðlagast breytingum í umhverfinu og á mörkuðum fiskafurða. Ákveðin skref hafa verið tekin í þessa átt, m.a. með fækkun í skipaflotanum. Haft hefur verið frumkvæði að því að bæta gæði fisksins og upplýsingar fyrir neytendur og reynt að jafna muninn á milli framboðs og eftirspurnar til að auka hagnað í greininni. Þessar aðgerðir eru þó taldar duga skammt til þeirra breytinga sem þörf er á til að gera greinina arðbæra.⁹

Sameiginlega fiskveiðistefnan er í endurskoðun. Grænbókinni er ætlað að hvetja til umræðu um hvað betur megi fara og leiða vinnu framkvæmdastjórnarinnar við þá endurskipulagningu.

Umfjöllun grænbókarinnar um sameiginlegu fiskveiðistefnuna og útkomu hennar¹⁰

Fram kemur í grænbókinni að vistkerfi hafsvæða í Evrópu hafi góða möguleika á því að gefa vel af sér. En þar sem flestir fiskistofnar á þessum hafsvæðum hafi verið ofveiddir leiði það til þess að minna veiðist nú en mögulegt væri ef fiskistofnarnir væru í jafnvægi. Um 88% af fiskistofnum sambandsins eru undir MSY staðli,¹¹ en hann tekur mið af því hvernig mest er hægt að veiða úr fiskistofni ár eftir ár án þess að gengið sé á stofninn. Ef þessum fiskistofnum væri hlíft í nokkur ár með minni veiðum þá gætu þeir náð sér á strik og þar með skilað greininni meiri hagnaði. Um 30% af þessum fiskistofnum eru fyrir utan það sem telst örugg líffræðileg mörk¹² en í því felst að þessir stofnar geta hugsanlega ekki náð sér á strik að nýju.¹³

Í grænbókinni segir einnig að nú reiði evrópskar útgerðir sig á ungan og lítinn fisk sem oft sé veiddur áður en hann er farinn að tímgastr. Sem dæmi er nefnt að 93% af þeim þorski sem veiddur er í Norðursjó sé veiddur áður en hann getur æxlast.

⁹ Sjá nánar bls. 4-5 í grænbókinni.

¹⁰ Sjá 3. kafla grænbókarinnar, bls. 5-7.

¹¹ Skammstöfun fyrir Maximum Sustainable Yield.

¹² Á ensku: safe biological limits.

¹³ Grænbókin, bls. 6.

15-22

Fiskveiðar Evrópusambandsins eru að eyða upp vistfræðilegum og efnahagslegum undirstöðum veiðanna.¹⁴

Þess er getið að lítill hluti flota Evrópusambandsins skili hagnaði án styrkja en meirihluti flotans sé rekinn annaðhvort með tapi eða litlum hagnaði. Talið er að á heildina litið sé þessi slaki árangur tilkominn vegna of afkastamikils fiskiflota og séu þá ofveiddir fiskistofnar bæði ástæða og afleiðing þessa ástands. Þó reynt hafi verið að minnka afkastagetuna undanfarin ár þá hafi það ekki náð að rjúfa þann vítahring sem fiskveiðarnar séu í. Þá segir að afleiðingin af þessu hafi orðið mikill pólitískur þrýstingur á að auka heimildir til fiskveiða til skamms tíma sem bitni svo á því langtímamarkmiði að viðhalda fiskistofnunum. Þetta hafi leitt til þess að miklum fjárhagslegum stuðningi hafi verið veitt inn í fiskiðnaðinn og að neytendur borgi í raun tvisvar fyrir fiskinn, fyrst í gegnum skattlagningu og svo aftur í búðinni.¹⁵

Umfjöllun um endurbætur á fiskveiðistefnunni¹⁶

Framkvæmdastjórnin telur að þeir annmarkar á sameiginlegu fiskveiðistefnunni sem raktir voru hér að framan séu vegna fimm meginannmarka á fiskveiðistefnunni. Í fyrsta lagi vegna þess gríðarlega vandamáls sem skapast hefur vegna of mikillar afkastagetu fiskveiðiflotans. Í öðru lagi vegna ónákvæmra skilgreininga á markmiðum sem leiði til ófullnægjandi leiðbeininga við ákvarðanatöku og útfærslu fiskveiðistefnunnar. Í þriðja lagi sé fyrirkomulag ákvarðanatöku á þann veg að það hvetji til áherslu á skammtímasjónarmið. Í fjórða lagi sé skortur á ábyrgð hjá hagsmunaaðilum í fiskiðnaðinum. Og í fimmta lagi sé skortur á pólitískum vilja til að framfylgja settum reglum.¹⁷

Í grænbókinni er rakið að þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir til að bregðast við því hversu stór fiskiskipafloti Evrópusambandsins er þá sé of mikil afkastageta hans eftir sem áður eitt helsta vandamál sameiginlegu fiskveiðistefnunnar. Flotinn sé of stór fyrir

¹⁴ Sjá grænbókina, bls. 6.

¹⁵ Sjá bls. 6-7 í grænbókinni.

¹⁶ Sjá nánar í 4. kafla grænbókarinnar.

¹⁷ Grænbókin, bls. 7.

15-22

þær auðlindir sem eru tiltækar og er þetta ójafnvægi talin rót vandans. Talið er að framtíðarfiskveiðistefna sambandsins verði að tryggja að afkastageta flotans sé í samræmi við auðlindirnar. Reynslan hafi sýnt að aðgerðir sambandsins í þessa veru, svo sem úreldingarstyrkir, þ.e. fjárhagslegur stuðningur vegna fækkunar fiskiskipa, hafi ekki náð þessu markmiði. Þess er getið að mögulega geti markaðsaðferðir eins og framseljanlegar aflaheimildir borið meiri árangur og leitt til minni afkastagetu fiskiflotans. Hugsanlega þurfi einnig að láta hagsmunaaðila bera meiri ábyrgð og bent á að nokkur aðildarríki hafi á undanförunum árum beitt slíkum aðgerðum. Þetta er talið hafa leitt til skynsamlegri ákvarðana í fjárfestingum og til minnkunar afkastagetu fiskiskipa þar sem stjórnendur útgerða aðlaga flotann að veittum rétti til fiskveiða.¹⁸

Í reglugerð Evrópusambandsins um sameiginlegu fiskveiðistefnuna, þ.e. reglugerð um vernd og sjálfbæra nýtingu fiskiauðlinda innan hinnar sameiginlegu fiskveiðistefnu nr. 2370/2002¹⁹, segir að stefnan eigi að tryggja nýtingu auðlinda hafsins og viðhalda umhverfis-, efnahags- og félagslegum sjónarmiðum. Ekki er getið nánar hvernig ná eigi þessu markmiði eða hvert þessara atriða hafi forgang þegar þau stangast á.

Í grænbókinni segir að til lengri tíma litið stangist þessi markmið ekki á en til skemmri tíma litið geti það gerst, sérstaklega ef draga verður tímabundið úr fiskveiðum til að endurbyggja fiskistofninn. Félagsleg sjónarmið eins og markmið tengd atvinnu hafi oft orðið ofan á en niðurstaðan verði þá sú að til lengri tíma litið sé verið að setja fiskistofnana í enn meiri hættu og þá sömuleiðis framtíðaratvinnumöguleika þeirra sem lifa af auðlindinni. Vistfræðilegt viðhald fiskistofna sé þess vegna meginforsenda fyrir fjárhagslegri og félagslegri framtíð evrópskra fiskveiða.²⁰

¹⁸ Grænbókin, bls. 7-8.

¹⁹ Council Regulation (EC) No 2371/2002 of 20 December 2002 on the conservation and sustainable exploitation of fisheries resources under the Common Fisheries Policy.

²⁰ Grænbókin, bls. 8.

15-22 Í grænbókinni eru gerðar athugasemdir við ákvarðanaferlið í sameiginlegu fiskveiðistefnunni. Þar segir að ferlið leiði til þess að áherslan sé frekar á skammtímamarkmiðum en markmiðum sem horfa til lengri tíma. Framkvæmdastjórnin telur þetta óviðunandi ástand og eina helstu ástæðu þess að hagsmunaaðilar gagnrýni sameiginlegu fiskveiðistefnuna. Áriðandi þykir að breyta ákvarðanaferlinu og hafa það stigskiptara eins og gert er í stefnum Evrópusambandsins á öðrum sviðum.²¹

Þess er getið að litlum árangri verði náð ef fyrirhugaðar breytingar á fiskveiðistefnunni verða ekki til þess að hvetja fiskveiðifyrirtæki og sjávarútvegsfyrirtæki auk neytenda til að styðja markmið stefnunnar og taka ábyrgð á að innleiða hana réttilega. Mikilvægt sé, til að ná árangri við endurbætur fiskveiðistefnunnar, að fiskiðnaðurinn geri sér grein fyrir nauðsyn endurbótanna, styðji þær og sjái hag af því að árangur náist.²²

Í grænbókinni er fjallað um skýrslu EU Court of Auditors frá 2007 þar sem gerð er grein fyrir göllum á fiskveiðieftirlitskerfi Evrópusambandsins.²³ Þar segir að eftirlit hafi verið af skornum skammti, refsingar ekki haft tilætluð áhrif og eftirlit ekki nægilega mikið til að tryggja að reglum fiskveiðistefnunnar væri fylgt. Þá segir að ekki sé tryggt að aðildarríkin fái styrki einungis þegar þau uppfylli ákveðin skilyrði. Framkvæmdastjórnin var sammála þessu mati og lagði fram drög að nýrri reglugerð um fiskveiðieftirlit sem nú hafa tekið gildi.²⁴

Nánari umfjöllun um endurbætur á fiskveiðistefnunni

Í 5. kafla grænbókarinnar eru hugmyndir að endurbótum á fiskveiðistefnu

²¹ Grænbókin, bls. 9.

²² Grænbókin, bls. 10.

²³ Special Report nr. 7/2007 on the control, inspection and sanction systems relating to the rules on conservation of Community fisheries resources together with the Commission's replies.

²⁴ Sjá grænbókina, bls. 12. Reglugerðin sem vísað er til heitir Council Regulation (EC) No 1224/2009 of 20 November 2009 establishing a Community control system for ensuring compliance with the rules of the common fisheries policy, amending Regulations (EC) No 847/96, (EC) No 2371/2002, (EC) No 811/2004, (EC) No 768/2005, (EC) No 2115/2005, (EC) No 2166/2005, (EC) No 388/2006, (EC) No 509/2007, (EC) No 676/2007, (EC) No 1098/2007, (EC) No 1300/2008, (EC) No 1342/2008 and repealing Regulations (EEC) No 2847/93, (EC) No 1627/94 and (EC) No 1966/2006.

15-22 Evrópusambandsins. Bent er á að mikið sé af litlum og meðalstórum fyrirtækjum í fiskiðnaði, sérstaklega í strandhéruðum. Er þess getið að mörg þeirra byggi lífsafkomu sína á fiskveiðum og sum hafi litla möguleika á öðrum tekjulindum. Því beri brýna nauðsyn til að viðhalda fiskistofnunum. Framkvæmdastjórnin setur fram þá hugmynd að komið verði á fót tvenns konar fiskveiðistjórnunarkerfi, annars vegar fyrir stórar útgerðir og hins vegar fyrir minni útgerðir í strandhéruðum. Þannig væri til dæmis hægt að veita fjárhagslegan stuðning til strandveiða en ekki til hinna. Það yrði þá jafnframt mjög mikilvægt að skilgreina nákvæmlega hvaða veiðar teljast strandveiðar.²⁵

Framkvæmdastjórnin telur að MSY staðallinn, sem getið var um hér að framan, ætti að vera hluti af fiskveiðistefnunni. Fram kemur að mikið sé um brottkast en það hafi leitt til þess að fiskistofnar hafa ekki náð sér á strik þrátt fyrir að lítill kvóti hafi verið gefinn út til veiða á þeim. Í framtíðinni eigi sameiginlega fiskveiðistefnan að tryggja að brottkast eigi sér ekki stað. Sagt er að stjórnun fiskveiða sem myndi til dæmis byggja á að takmarka þá daga sem fiskveiðiskip mættu veiða gætu minnkað þetta vandamál en það gæti stangast á við önnur markmið sameiginlegu fiskveiðistefnunnar.²⁶

Í grænbókinni kemur fram að evrópski fiskiðnaðurinn fái almennt bara brot af þeim peningum sem neytandinn greiðir fyrir fiskinn í verslunum. Fyrsta söluverð fisksins hafi staðnað þrátt fyrir til dæmis hækkandi verð á olíu. Þar segir að þetta hafi þrjár afdrifaríkar afleiðingar. Í fyrsta lagi að lágt verð fyrir fisk hvetji fiskimenn til að veiða meira. Í öðru lagi að þegar ekki sé hægt að velta yfir á neytandann hærrí framleiðslukostnaði leiði það til minni hagnaðar af rekstrinum og sé þá enn meiri hvatning til ofveiða. Í þriðja lagi verði fiskimenn enn háðari opinberum styrkjum sem hafi leitt til þess að þeir hafa orðið óaðskiljanlegur og varanlegur hluti af rekstraráætlunum fyrirtækja í fiskiðnaði.²⁷

²⁵ Grænbókin, bls. 13.

²⁶ Grænbókin, bls. 14.

²⁷ Grænbókin, bls. 15-16.

15-22 Þess er getið að núverandi markaðskerfi²⁸ geri ráð fyrir opinberum aðgerðum þegar fiskverð á ákveðnum tegundum fari undir ákveðin mörk. Kerfið endurspeglar ekki framboð og eftirspurn eftir fiskafurðum og hafi reynst mjög flókið að stjórna. Þá segir að það hafi einnig áhrif hversu mikið Evrópumarkaðurinn þurfi að treysta á innfluttar fiskvörur. Af þessum sökum er talið að breyta þurfi kerfinu. Er bent á að vísindaleg þekking og upplýsingar séu mjög mikilvægar fyrir sameiginlegu fiskveiðistefnuna því ákvarðanir um stefnuna verði að vera teknar á grundvelli þekkingar um viðhald fiskistofnanna og áhrif veiða á vistkerfið og hver áhrif loftlagsbreytingar geti haft.²⁹

Í grænbókinni er vakin athygli á að opinber fjárhagslegur stuðningur við fiskveiðar sé mikill, bæði úr sjóðum Evrópusambandsins og svo með styrkjum frá aðildarríkjunum sjálfum. Þetta geti stundum fremur hafa skapað vandamál en leyst þau. Talið er að breytingarnar sem gerðar voru árið 2002 hafi verið mikilvæg skref í rétta átt en þá voru afnumdir styrkir sem stuðluðu beint að of mikilli afkastagetu flotans og of miklum fjárfestingum. Þetta er þó ekki álitid nægilegt. Segir að óbreytt sé kerfið ekki í stakk búid til að takast á við breytingar og breytt skilyrði. Það þurfi að vera meiri fylgni á milli opinberra styrkja og markmiða fiskveiðistefnunnar.³⁰

Fram kemur að fiskeldi sé stækkandi þáttur í framleiðslu í heiminum og sé sömuleiðis mikilvægur hluti fjárhagslegrar afkomu strandhéraða Evrópusambandsins.³¹

Hlutfallslegur stöðugleiki og aðgangur að strandveiðum³²

Í kafla 5.3 í grænbókinni er fjallað um regluna um hlutfallslegan stöðugleika. Reglan felur í sér að hlutdeild hvers og eins aðildarríkis í sameiginlegum fiskveiðiheimildum

²⁸ Markaðskerfið er undir stjórn Common Market Organisation (CMO).

²⁹ Grænbókin, bls. 16.

³⁰ Grænbókin, bls. 19.

³¹ Grænbókin, bls. 22-23.

³² Kaflann um hlutfallslegan stöðugleika í grænbókinni má finna í íslenskri þýðingu á heimasíðu Landssambands íslenskra útvegsmanna, www.liu.is. Að hluta hefur verið stuðst við þá þýðingu hér.

15-22

á að vera stöðug.³³

Sagt er frá því að fyrir tilstilli reglunnar um hlutfallslegan stöðugleika hafi verið komið á kerfi til þess að deila út heimildum til fiskveiða á meðal aðildarríkja sambandsins. Kerfið hafi hins vegar einnig leitt af sér flókin úrlausnarefni á borð við kvótahopp á milli einstakra aðildarríkja og útflöggun útgerðaraðila. Þá segir að tilkoma stjórnunarlegra markmiða um sóknarfyrirkomulag hafi gert heildarmyndina enn óskýrari en ella. Nú sé svo komið, eftir meira en 25 ára reynslu af sameiginlegu fiskveiðistefnunni, samhliða breyttum veiðiaðferðum, að verulegt misræmi sé orðið á milli úthlutunar aflaheimilda til einstakra aðildarríkja og raunverulegrar þarfar fiskveiðiflota þeirra. Segja megi að reglan um hlutfallslegan stöðugleika tryggi ekki lengur að fiskveiðiheimildir haldist hjá þeim sem fá þeim úthlutað.

Fram kemur að reglan um hlutfallslegan stöðufleika sé einnig álitin takmarka möguleika á að framfylgja að minnsta kosti þremur þáttum sameiginlegu sjávarútvegsstefnunnar. Í fyrsta lagi er hún talin draga úr sveigjanleika útgerðanna til þess að ná hámarksnýtingu úr auðlindinni og til að taka upp aðrar veiðar, tækni og aðferðir. Í öðru lagi telst hún vera ein aðalástæða þess að stjórnvöld einstakra ríkja leggja orðið meiri áherslu á að fá aukinn heildarkvóta (til að hlutdeild viðkomandi ríkis verði stærri) á kostnað annarra langtímahagsmuna. Þá segir að í mörgum tilvikum sé eina leiðin til að uppfylla kröfur einstakra aðildarríkja um aukinn kvóta, að auka heildarkvóta alls sambandsins. Í þriðja lagi segir að hún stuðli að brottkasti, því hún leiði af sér að til verði margir landskvótar sem lúti ólíkum reglum um brottkast. Þannig geti floti eins lands verið að veiða óveiddan kvóta í tiltekinni tegund á sama tíma og floti annarrar þjóðar sé neyddur til að henda henni fyrir borð þar sem þjóðin hafi ekki kvóta í viðkomandi tegund.

Þá er greint frá því í grænbókinni að af framangreindum ástæðum sé mikilvægt að endurskoða hvort halda beri reglunni um hlutfallslegan stöðugleika í óbreyttri mynd. Þess er getið að hægt væri að skipta reglunni út fyrir sveigjanlegra kerfi eins og

³³ Sbr. umfjöllun á bls. 65-72 í ritinu Fiskveiðireglur Íslands og Evrópusambandsins.

15-22	<p>úthlutun fiskveiðiréttinda. Annar kostur væri að halda reglunni en setja inn sveigjanleg ákvæði til þess að koma til móts við fyrrnefnda galla og samræma landskvóta raunverulegri þörf fiskveiðiflota viðkomandi þjóðar. Þriðji kosturinn væri að grípa til takmarkana með 12 mílna stjórnunarsvæði einstakra aðildarríkja sem einvörðungu væru ætluð þeirra eigin fiskiskipaflota (nema þar sem ákvæði um sögulegan veiðirétt annarra flota ættu við). Þessi aðferð hafi almennt verið talin gefast vel og mætti útfæra enn frekar ef þróað yrði sérstakt stjórnunarkerfi fyrir litla strandveiðiflota.</p>
21	<p>Í lok 1. kafla eru nefndar reglugerðir sem lögðu grunn að nýrri fiskveiðistefnu á árunum 2002 og 2003. Reglugerðunum (nr. 2371/2002, 2370/2002 og 2369/2002) hefur verið breytt en þær breytingar hafa ekki þýðingu hér. Vikið verður að þeim breytingum sem kunna að hafa einhverja þýðingu á viðeigandi stöðum í eftirfarandi umfjöllun.</p>

2. kafli. Löggjöf um fiskveiðar

23	<p>Með Lissabonsáttmálanum³⁴ voru gerðar ýmsar breytingar á löggjöf Evrópusambandsins. Nafnið á samningnum um Evrópusambandið breyttist ekki en það gerði hins vegar nafnið á samningnum um Evrópubandalagið sem kallaður hefur verið Rómarsamningurinn. Hann heitir nú samningurinn um starfsemi Evrópusambandsins (hér skammstafað STESB).</p> <p>Breytingar voru gerðar á III. bálk 2. hluta Rómarsamningsins. Nú er bálkurinn í III. hluta og ber heitið Landbúnaður og fiskveiðar.</p> <p>Fjallað er um lögmætisreglu bandalagsréttar og þess getið að hún eigi sér stoð í 5., 7. og 220. gr. Rómarsamningsins. Með Lissabonsáttmálanum var 5. gr. breytt. Nú má finna lögmætisreglunni stoð í 5., 13. og 19. gr. STESB.</p>
----	--

³⁴ Treaty of Lisbon. Sáttmálinn var undirritaður af aðildarríkjunum þann 13. desember 2007 en tók gildi þann 1. desember 2009.

	Vísað er til 32. gr. Rómarsamningsins en ákvæðinu var breytt með Lissabonsáttmálanum og er nú að finna í 38. gr. STESB.
24	Vísað er til 1. mgr. 3. gr. Rómarsamningsins. Greinin hefur nú verið felld úr gildi en nú segir í d. lið 1. mgr. 3. gr. STESB að Evrópusambandið fari eitt með yfirráð yfir verndun auðlinda í sameiginlegu fiskveiðistefnu sambandsins. Hvað varðar aðra þætti sameiginlegu fiskveiðistefnunnar þá fer Evrópusambandið með yfirráð yfir þeim ásamt aðildarríkjunum, sbr. d. lið 2. mgr. 4. gr. STESB. Í 43. gr. STESB er mælt fyrir um heimild Evrópusambandsins til að setja afleidda löggjöf um fiskveiðar. Heimildin er mjög víð því að hún takmarkast nánast eingöngu af ákvæðum 38. gr. STESB sem fjallar um sameiginlegu fiskveiðistefnuna. Stofnir Evrópusambandsins geta því tekið ákvarðanir á sviði fiskveiða ef þær telja það heppilegt eða nauðsynlegt til að ná þeim markmiðum sem vikið er að í 39. gr.
25	Á síðunni er vísað til nokkurra ákvæða Rómarsamningsins. Ákvæðin eru nú í 38.-42. gr. STESB. Í 1. tl. 38. gr. STESB segir að þegar talað er um landbúnað í samningnum þá eigi að skilja það sem svo að það taki einnig til fiskveiða. Ákvæði sem voru í 33. gr. Rómarsamningsins eru nú í 39. gr. STESB. Ákvæði 34. gr. er nú að finna í 40. gr. STESB og ákvæði 35. gr. í 41. gr. STESB. Þá eru ákvæði 37. gr. nú í 43. gr. STESB.
26	Vísað er til 1. mgr. 33. gr. Rómarsamningsins en sambærilegt ákvæði er nú að finna í 39. gr. STESB.
27-28	Vísað er til 6. gr. Rómarsamningsins en sambærilegt ákvæði er nú að finna í 11. gr. STESB en 174. gr. er nú 191. gr. STESB. Með Lissabonsáttmálanum var 2. mgr. 37. gr. Rómarsamningsins breytt og er ákvæðið nú að finna í 43. gr. STESB. ³⁵ Í bókinni er vísað til 2. undirmálgreinar en hún hefur verið felld úr gildi. Nú segir í 2. mgr. 43. gr. að Evrópuþingið og ráðið, í samræmi við hefðbundna lagasetningu ³⁶ og eftir að hafa ráðfært sig við efnahags- og félagsmálanefnd Evrópusambandsins, skuli ákvarða um nauðsynleg málefni tengd

³⁵ Enskt heiti Rómarsamningsins er hér Treaty establishing the European Economic Community en nafni hans var breytt með Lissabonsáttmálanum og heitir nú Treaty on the Functioning of the European Union.

³⁶ Hún samsvarar sameiginlegu meðferðinni samkvæmt 251. gr. samningsins um Evrópusambandið og gerir í stórum dráttum ráð fyrir að samþykki þingsins sé áskilið við löggjafarstarfsemi.

	<p>sameiginlegu fiskveiðistefnunni. Svo segir nú í 3. mgr. 43. gr. að ráðið skuli, á grundvelli tillögu frá framkvæmdastjórninni, innleiða reglur um fasta verðlagningu, álagningu, styrki og magnbundnar takmarkanir sem og um úthlutun fiskveiðiheimilda til aðildarríkja. Það þarf því ekki samþykki þingsins við þessar ákvarðanir.</p> <p>Eftir breytingarnar er sameiginlegt vald meginregla sem gildir nema annað sé tekið fram. Hér geta aðildarríkin tekið ákvarðanir en þó ekki í andstöðu við reglur Evrópusambandsins. Í yfirlýsingu með samningnum kemur fram að aðildarríkin hafi líka vald á sviðum þar sem Evrópusambandið hefur hætt að nota heimildir sínar og færast þær þá til baka til aðildarríkisins. Hafa ber þó í huga að vald Evrópusambandsins til að setja reglur á þessu sviði er rúmt, sbr. fyrri umfjöllun.</p>
30	Á síðunni er vísað til 2. mgr. 37. gr. Rómarsamningsins en sambærilegt ákvæði er nú í 2. mgr. 43. gr. STESB.
31	Fjallað er um svæðisbundin ráðgjafaráð í samræmi við 31. gr. grunnreglugerðarinnar. Í ákvörðun ráðsins nr. 2004/585 er svæðisbundnum ráðgjafaráðum komið á fót. ³⁷ Ákvörðuninni var breytt með ákvörðun nr. 2007/409 sem ekki hefur áhrif hér.
32	Vísað er til 2. mgr. 37. gr. Rómarsamningsins sem hefur verið felld úr gildi en nú gildir 2. mgr. 43. gr. STESB, sbr. umfjöllun hér að framan.
33	Þar er vísað í reglugerð nr. 104/2000. Reglugerðinni hefur verið breytt en þær breytingar hafa ekki áhrif hér. Vísað er til 2. mgr. 37. gr. sem hefur verið felld úr gildi en nú gildir 2. mgr. 43. gr. STESB, sbr. umfjöllun hér að framan.
37	Vísað er til markmiða 33. gr. Rómarsamningsins en þau er nú að finna í 39. gr. STESB.
38	Þess er getið að eftirlit með fiskveiðum sé í höndum aðildarríkjanna. Breytingar hafa verið gerðar á 5. kafla reglugerðar nr. 2371/2002 sem fjallar meðal annars um þetta. Að þessum breytingum verður vikið í athugasemdum við 8. kafla I. hluta og vísast

³⁷ Council Decision of 19 July 2004 establishing Regional Advisory Councils under the Common Fisheries Policy (2004/585/EC).

	þangað. Það sama á við um bls. 39.
39	<p>Á síðunni er vísað í reglugerð nr. 850/98 sem margoft hefur verið breytt frá útgáfu bókarinnar en engin þeirra breytinga á við um 45. og 46. gr. reglugerðarinnar sem vísað er í.</p> <p>Þar er einnig nefnd reglugerð nr. 1626/94 en hún hefur verið felld úr gildi með reglugerð nr. 1967/2006,³⁸ sem hefur nú að geyma reglur um fiskveiðar í Miðjarðarhafinu.</p>
40	<p>Í kafla 2.4 er fjallað um að aðildarsamningar einstakra ríkja við Evrópusambandið hafi sama gildi og frumréttur, þ.e. séu jafnrétt háir ákvæðum samningsins um ESB. Í bókinni er á bls. 40 vikið að ákvæðum í nokkrum aðildarsamningum sem hafa þýðingu. Frá því að Fiskveiðireglur Íslands og Evrópusambandsins kom út hafa nýir aðildarsamningar verið gerðir. Hér skiptir einkum máli aðildarsamningur vegna inngöngu Möltu og fleiri ríkja í Evrópusambandið á árinu 2003.</p>

3. kafli. Gildissvið Rómarsamningsins á sviði fiskimála

42	Vísað er til 32. gr. Rómarsamningsins en sambærileg ákvæði eru nú í 38. gr. STESB en greinin er í kafla sem ber heitið „Landbúnaður og fiskveiðar“.
44	Vísað er til 308. gr. Rómarsamningsins sem nú er að finna í 352. gr. STESB. Tilvísun til 220. gr., sbr. 5. og 7. gr., Rómarsamningsins á ekki lengur við en þess í stað má vísa til 263. gr. STESB.
45	Um landfræðilegt gildissvið Rómarsamningsins eru nú ákvæði í 52. gr. samningsins um Evrópusambandið og 355. gr. STESB.
47	Á bls. 47 er vísað í lög nr. 151/1996 um fiskveiðar utan lögsögu Íslands. Lögunum hefur verið breytt og verður vikið að þeim breytingum sem máli kunna að skipta í

³⁸ Reglugerð nr. 1967/2006 of 21 December 2006 concerning management measures for the sustainable exploitation of fishery resources in the Mediterranean Sea, amending Regulation (EEC) No 2847/93 and repealing Regulation (EC) No 1626/94.

	athugasemdum við hluta II.
48	Í umfjöllun um Færeyjar er vísað til 6. mgr. 299. gr. en nú segir í 1. lið 5. mgr. 355. gr. Rómarsamningsins að samningurinn gildi ekki fyrir Færeyjar.
49	Á síðunni er vísað til 6. mgr. 299. gr. Rómarsamningsins sem nú er í 5. mgr. 355. gr. STESB. Á blaðsíðunni er einnig vísað til 2. mgr. 249. gr. Rómarsamningsins en sambærilegt ákvæði er nú í 2. mgr. 288. gr. STESB.

4. kafli. Aðgangur að hafsvæðum

	Hér verður að hafa í huga það sem fram kemur í grænbók framkvæmdastjórnarinnar sem vikið er að í athugasemdum við 1. kafla.
52	Vísað er til 37. gr. Rómarsamningsins sem nú er að finna í 43. gr. STESB.
55	Vísað er til 12. gr. Rómarsamningsins en nú er mælt fyrir um bann við mismunun eftir þjóðerni í 18. gr. STESB. Á síðunni segir að Rómarsamningnum sé ekki ætlað að hafa áhrif á skipan eignarréttar í aðildarríkjunum, sbr. 295. gr. hans, en ákvæðið er nú að finna í 345. gr. STESB.
56-57	Þar er fjallað um sérreglu frá meginreglunni um jafnan aðgang en í henni felst að aðildarríkjum er heimilt að takmarka veiðar innan 6 eða eftir atvikum 12 sjómílna svæðis. Á þessa sérreglu reyndi í dómi dómstóls Evrópusambandsins í máli nr. C-91/03.
58	Vikið er að reglugerðum nr. 685/95 og 2027/95. Þær hafa nú verið felldar úr gildi með reglugerð nr. 1954/2003. ³⁹
59	Vísað er í reglugerð nr. 3690/93 þar sem komið er á kerfi til að tryggja

³⁹ Council Regulation (EC) No 1954/2003 of 4 November 2003 on the management of the fishing effort relating to certain Community fishing areas and resources and modifying Regulation (EC) No 2847/93 and repealing Regulations (EC) No 685/95 and (EC) No 2027/95.

lágmarksupplýsingar sem eiga að koma fram í fiskveiðileyfum. Reglugerðin var felld úr gildi með reglugerð nr. 700/2006⁴⁰ og voru ákvæði um sama efni í reglugerð nr. 1281/2005.⁴¹ Sú reglugerð var á hinn bóginn felld úr gildi með reglugerð nr. 404/2011⁴² sem hefur að geyma ákvæði um kerfi sem lítur að eftirfylgni með reglum sameiginlegu fiskveiðistefnunnar.

Reglugerð nr. 1627/94 sem vísað er til á sömu síðu hefur verið felld úr gildi með reglugerð nr. 1224/2009.⁴³ Þá hefur reglugerð nr. 3317/94 verið felld úr gildi með reglugerð nr. 1006/2008.⁴⁴

Fjallað er um efni reglugerðar nr. 3690/93 á bls. 59-60 og verður því hér vikið að helstu atriðum hinnar nýju reglugerðar nr. 1281/2005. Í 1. gr. hennar segir að í reglugerðinni sé að finna reglur um veiðileyfi og þær lágmarksupplýsingar sem þar eigi að vera eins og 22. gr. grunnreglugerðarinnar mæli fyrir um. Fiskveiðiskip hefur einungis heimild til veiða á hafsvæðum Evrópusambandsins ef það hefur gilt fiskveiðileyfi um borð í skipinu, sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 1281/2005.

Það er á ábyrgð aðildarríkis að gefa út, stjórna og afturkalla fiskveiðileyfi til fiskveiðiskipa sem sigla undir fána þess samkvæmt 4. gr. reglugerðarinnar. Í 5. gr. hennar er að finna ákvæði um lágmarksupplýsingar sem koma eiga fram í fiskveiðileyfi, en sem dæmi um slíkar upplýsingar er nafn, númer og fáni skips auk

⁴⁰ Council Regulation (EC) No 700/2006 of 25 April 2006 repealing Regulation (EC) No 3690/93 establishing a Community system laying down rules for the minimum information to be contained in fishing licences.

⁴¹ Council Regulation (EC) No 1281/2005 on the management of fishing licences and the minimal information to be contained therein.

⁴² Commission Implementing Regulation (EU) No 404/2011 of 8 April 2011 laying down detailed rules for the implementation of Council Regulation (EC) No 1224/2009 establishing a Community control system for ensuring compliance with the rules of the Common Fisheries Policy.

⁴³ Council Regulation (EC) No 1224/2009 of 20 November 2009 establishing a Community control system for ensuring compliance with the rules of the common fisheries policy, amending Regulations (EC) No 847/96, (EC) No 2371/2002, (EC) No 811/2004, (EC) No 768/2005, (EC) No 2115/2005, (EC) No 2166/2005, (EC) No 388/2006, (EC) No 509/2007, (EC) No 676/2007, (EC) No 1098/2007, (EC) No 1300/2008, (EC) No 1342/2008 and repealing Regulations (EEC) No 2847/93, (EC) No 1627/94 and (EC) No 1966/2006.

⁴⁴ Council Regulation (EC) No 1006/2008 of 29 September 2008 concerning authorisations for fishing activities of Community fishing vessels outside Community waters and the access of third country vessels to Community waters, amending Regulations (EEC) No 2847/93 and (EC) No 1627/94 and repealing Regulation (EC) No 3317/94.

	upplýsinga um skipið sjálft svo sem lengd þess.
60	<p>Á síðunni er vísað til reglugerðar nr. 685/95. Sú reglugerð hefur verið felld úr gildi með reglugerð nr. 1954/2003, sem felldi einnig úr gildi reglugerð nr. 2027/95 sem vísað er til á sömu síðu.⁴⁵</p> <p>Þá hefur reglugerð nr. 779/97 einnig verið felld úr gildi með reglugerð nr. 1098/2007.⁴⁶</p>
61	Þar er vikið að langtímamarkmiðum og ákvörðunum tengdum þeim. Rétt er að benda á umfjöllun hér að framan um grænbókina þar sem gagnrýni kemur fram á ákvarðanatökur tengdar fiskveiðum.
63	Vísað er til 33. gr. Rómarsamningsins en ákvæði greinarinnar eru nú í 39. gr. STESB.
65	Á bls. 65 og áfram er fjallað um hugtakið hlutfallslega stöðugar veiðar. Vísast í umfjöllun um grænbókina hér að framan þar sem deilt er á regluna. Vísað er til 33. gr. Rómarsamningsins en ákvæði greinarinnar eru nú í 39. gr. STESB.
68-69	Frá útgáfu bókarinnar Fiskveiðireglur Íslands og Evrópusambandsins hafa gengið dómar þar sem reynt hefur á regluna um hlutfallslega stöðugar veiðar. Sem dæmi má nefna dóma dómstóls Evrópusambandsins C-87/03 og C-100/03 en málin voru svo sameinuð. Málin höfðaði Spánn gegn ráði Evrópusambandsins. Spánn hélt því meðal annars fram að beiting reglunnar um hlutfallslega stöðugar veiðar hafi leitt til brots á jafnræðisreglu. Dómstóllinn féllst ekki á það.
69	Á bls. 69 er vísað í jafnræðisregluna í umfjöllun um regluna um hlutfallslega stöðugar veiðar. Í þessu samhengi má nefna dóm fyrrnefndan dóm nr. C-91/03.
77	Á síðunni er vísað til 43. gr. Rómarsamningsins en sambærilegt ákvæði er nú í 49. gr. STESB.

⁴⁵ Council Regulation (EC) No 1954/2003 of 4 November 2003 on the management of the fishing effort relating to certain Community fishing areas and resources and modifying Regulation (EC) No 2847/93 and repealing Regulations (EC) No 685/95 and (EC) No 2027/95.

⁴⁶ Council Regulation (EC) No 1098/2007 of 18 September 2007 establishing a multiannual plan for the cod stocks in the Baltic Sea and the fisheries exploiting those stocks, amending Regulation (EEC) No 2847/93 and repealing Regulation (EC) No 779/97.

78	Vísað er til 43. gr. Rómarsamningsins sem nú er að finna í 49. gr. STESB. einnig er vísað til 294. gr. hans sem nú er í 55. gr. STESB sem og 12. gr. , sbr. nú 18. gr. STESB.
79	Á bls. 79 er tilvísun til 39. gr. Rómarsamningsins sem nú er í 45. gr. STESB.
82	Minnst er á fiskveiðiflota Miðjarðarhafsríkjanna. Árið 2003 gengu Malta og Kýpur í Evrópusambandið en þau liggja einnig að Miðjarðarhafinu.
84	Á síðunni er nefnd reglugerð nr. 1626/94 en hún hefur verið felld úr gildi með reglugerð nr. 1967/2006 sem fjallar um fiskveiðistjórnun í Miðjarðarhafinu og í henni eru meðal annars ákvæði sem banna veiðar á ákveðnum fisktegundum. Í reglugerðinni er mælt fyrir um verndarráðstafanir til að viðhalda fiskistofnum Miðjarðarhafsins. Kafli 4.7.3 á því ekki við lengur.

5. kafli. Fiskveiðistefnan gagnvart öðrum ríkjum

	Ný reglugerð hefur tekið gildi um stjórnun fiskveiðiflota sem er skráður á hafsvæðum utan hafsvæða aðildarríkja Evrópusambandsins, reglugerð nr. 639/2004. ⁴⁷ Ákvæði hennar hafa ekki áhrif á umfjöllun 5. kafla.
87	Eins og áður er komið fram var Rómarsamningnum breytt með Lissabonsáttmálanum. Nú eru ákvæði 133. gr. Rómarsamningsins að finna í 207 gr. STESB og 310. gr. í 217. gr. STESB.
88	Reglur 32.-37. gr. Rómarsamningsins er nú að finna með breytingum í 38.-44. gr. STESB. Þá er 133. gr. að finna í 207. gr. STESB.

6. kafli. Skipulagsmálefni

	Í kafla 6.3 er vikið að III. kafla grunnreglugerðarinnar sem fjallar um skipulag varðandi afkastagetu flotans. III. kaflanum hefur verið breytt nokkrum sinnum frá
--	--

⁴⁷ Council Regulation (EC) No 639/2004 of 30 March 2004 on the management of fishing fleets registered in the Community outermost regions.

	útgáfu bókarinnar Fiskveiðireglur Íslands og Evrópusambandsins.
99	Þar er vísað í 11. gr. grunnreglugerðarinnar. Greininni hefur verið breytt en þær breytingar hafa ekki áhrif á umfjöllunina á bls. 99. Við 11. gr. hefur verið bætt nýrri málsgrein, 6. mgr., sem varðar heimildir í tengslum við aðgerðir til að bæta öryggi, vinnuaðstöðu, hreinlæti og gæði afurða um borð í fiskiskipum. Vísad er í reglugerð nr. 2792/1999. Hún hefur verið felld úr gildi með reglugerð nr. 1198/2006 um styrki til fiskveiða Evrópusambandsríkja. ⁴⁸
102	Vísad er til 33. gr. Rómarsamningsins en ákvæðið er nú að finna í 39. gr. STESB.
103	Á síðunni er vísað í reglugerð nr. 2406/96. Reglugerðinni hefur verið breytt en þær breytingar hafa ekki áhrif hér.
107	Á blaðsíðunni er vísað til 3. gr. Rómarsamningsins sem nú er í 39. gr. STESB. Einnig er vísað til 32. gr. samningsins en nú er sambærilegt ákvæði í 38. gr. STESB en þar segir að reglur um sameiginlegan markað skuli gilda fyrir landbúnað, fiskveiðar og viðskipti með landbúnaðar- og fiskveiðiafurðir.
108	Vísad er til 23.-24. gr. Rómarsamningsins um frjálst vöruflæði en sambærileg ákvæði eru nú í 28.-29. gr. STESB. Einnig er vísað til 28.-31. gr. um bann við magntakmörkunum en sambærileg ákvæði eru nú í 34.-37. gr. STESB.

7. kafli. Markaðsskipulagið

	Í kaflanum er vísað í reglugerð nr. 104/2000 um sameiginlegt skipulag fyrir fiskmarkað og afurðir fiskeldis. Reglugerðinni hefur verið breytt en engar breytingar hafa verið gerðar sem áhrif hafa á umfjöllun 7. kafla.
--	--

⁴⁸ Council Regulation (EC) No 1198/2006 of 27 July 2006 on the European Fisheries Fund.

8. kafli. Eftirlit og réttarvarsla

110	Á síðunni er neðanmáls vísað til reglugerðar nr. 2847/93 sem hefur verið felld úr gildi með reglugerð nr. 1224/2009. ⁴⁹ Síðarnefnd reglugerð breytti einnig grunnreglugerðinni og verður vikið að þeim breytingum hér að neðan.
111	Vísað er til 10. gr. Rómarsamningsins en hún var felld úr gildi með Lissabonsáttmálanum.
112	Þar segir að reglugerð nr. 2846/93 gildi um stofnun eftirlitskerfis fyrir hina sameiginlegu fiskveiðistefnu. Reglugerðin var felld úr gildi með reglugerð nr. 1224/2009 um stofnun eftirlitskerfis til að tryggja eftirfylgni reglna hinnar sameiginlegu fiskveiðistefnu. Þá hefur einnig verið sett reglugerð nr. 404/2011 ⁵⁰ sem hefur að geyma ítarlegri reglur um útfærslu reglna þeirra sem fram koma í reglugerð nr. 1224/2009. Kafli 8.2 fjallar um helstu breytingar í kjölfar grunnreglugerðar nr. 2371/2002 og þar vísað í ákvæði 22.-27. gr. grunnreglugerðarinnar. Með reglugerð nr. 1224/2009 voru 22.-28. gr. felld úr gildi auk þess sem 21. gr. grunnreglugerðarinnar var breytt. Þess í stað eru nú sambærileg en á köflum mun ítarlegri ákvæði í reglugerð nr. 1224/2009.
113- 115	Verður nú vikið að 1.-4. tl. í umfjöllun á bls. 113-114. Þar sem þau ákvæði sem vísað er til hafa verið felld úr gildi verður vísað til sambærilegra ákvæða í reglugerð nr. 1224/2009. Í 1. tölul. er fjallað um skilyrði fyrir aðgangi að hafsvæðum, auðlindum og markaðssetningu sjávarafurða. Í því samhengi er vísað til 22. gr. grunnreglugerðarinnar. Eins og áður er getið hefur greinin verið felld úr gildi með

⁴⁹ Council Regulation (EC) No 1224/2009 of 20 November 2009 establishing a Community control system for ensuring compliance with the rules of the common fisheries policy, amending Regulations (EC) No 847/96, (EC) No 2371/2002, (EC) No 811/2004, (EC) No 768/2005, (EC) No 2115/2005, (EC) No 2166/2005, (EC) No 388/2006, (EC) No 509/2007, (EC) No 676/2007, (EC) No 1098/2007, (EC) No 1300/2008, (EC) No 1342/2008 and repealing Regulations (EEC) No 2847/93, (EC) No 1627/94 and (EC) No 1966/2006.

⁵⁰ Commission Implementing Regulation (EU) No 404/2011 of 8 April 2011 laying down detailed rules for the implementation of Council Regulation (EC) No 1224/2009 establishing a Community control system for ensuring compliance with the rules of the Common Fisheries Policy.

reglugerð nr. 1224/2009. Í 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar segir að skip aðildarríkja sambandsins megi einungis stunda veiðar ef það hefur gilt fiskveiðileyfi. Í 9. og 10. gr. reglugerðarinnar eru ákvæði um eftirlitskerfi með fiskveiðiskipum. Í 1. tl. á bls. 113 er einnig vísað í markaðssetningu sjávarafurða en um það eru nú ákvæði í 56.-70. gr. reglugerðar nr. 1224/2009. Ákvæðin eru í 5. hluta reglugerðarinnar sem ber heitið: Stjórn markaðssetningar.

Í 2. tl. er vísað í 23. gr. grunnreglugerðarinnar þar sem fjallað var um ábyrgð aðildarríkjanna. Nú er fjallað meðal annars um ábyrgð aðildarríkjanna í 5. gr. reglugerðar nr. 1224/2009 þar sem segir að aðildarríkin skuli tryggja eftirlit, rannsókn og fullnustu við reglur sameiginlegu fiskveiðistefnunnar. Í reglugerð nr. 1224/2009 eru ítarleg ákvæði um skyldur aðildarríkjanna í tengslum við hina sameiginlegu fiskveiðistefnu, meðal annars í 11., 105. og 106. gr. reglugerðarinnar.

Í 3. tl. er vísað til 24. gr. grunnreglugerðarinnar í tengslum við rannsókn og fullnustu. Nú eru ákvæði þar að lútandi í VII. hluta reglugerðar nr. 1224/2009. Þá er í 5. gr. reglugerðarinnar getið um skyldu aðildarríkja til eftirlits á landsvæði þeirra og hafsvæðum innan lögsögu þeirra eða fullveldis. Í 71. og 91. gr. eru einnig ákvæði sem að nokkru voru áður í 24. gr. grunnreglugerðarinnar.

Þá er í 3. tl. einnig vísað í 25. gr. grunnreglugerðarinnar en nú eru ákvæði í 89. gr. reglugerðar nr. 1224/2009 um úrræði til að tryggja eftirfylgni reglna hinnar sameiginlegu fiskveiðistefnu auk þess sem ákvæði eru um það efni í 3. og 4. kafla VII. hluta.

Um ábyrgð framkvæmdastjórnarinnar er fjallað í 4. tl. á síðum 114-115. Þar er vísað í 26. gr. grunnreglugerðarinnar. Nú eru ákvæði um mat og eftirlit framkvæmdastjórnarinnar í 96.-102. gr. reglugerðar nr. 1224/2009. Þá eru í 103.-108. gr. ákvæði um úrræði til að tryggja að aðildarríkin fari að reglum sameiginlegu fiskveiðistefnunnar.

	Vísað er til 226. gr. Rómarsamningsins en sambærilegt ákvæði er nú í 258. gr. STESB en 211. gr. var felld úr samningnum.
115	Vísað er til 27. gr. grunnreglugerðarinnar um heimildir framkvæmdastjórnarinnar til endurskoðunar, fyrirspurna og rannsókna á beitingu reglna sameiginlegu fiskveiðistefnunnar. Greinin var felld úr gildi með reglugerð nr. 1224/2009. Nú eru sambærileg ákvæði í 96.-99. gr. og 101.-102. gr. reglugerðarinnar.
116	Reglugerð nr. 3690/93 sem vísað er í hefur verið felld úr gildi með reglugerð nr. 700/2006. ⁵¹ Um veiðileyfakerfi Evrópusambandsins gildi reglugerð nr. 1281/2005 ⁵² þar til nýlega en reglugerð nr. 404/2011 felldi hana úr gildi án þess að það breyti umfjölluninni efnislega.
117	Þar segir að skv. 22. gr. grunnreglugerðarinnar séu veiðar óheimilar ef skip hefur ekki gilt veiðileyfi. Um þetta eru nú ákvæði í 6. gr. reglugerðar nr. 1224/2009. Vísað er í reglugerð nr. 2847/93. Sú reglugerð var einnig felld úr gildi með reglugerð nr. 1224/2009 og eru nú þar sambærileg ákvæði og í eldri reglugerðinni. Í 14. gr. reglugerðar nr. 1224/2009 eru ákvæði um dagbók fiskiskipa en í 62. gr. eru ákvæði um sölunótur þeirra sem selja afla á fyrsta sölustigi. Á bls. 117 er vísað í 6. gr. reglugerðar nr. 2847/93 en nú er sambærilegt ákvæði í 14. gr. reglugerðar nr. 1224/2009. Fjallað er um fjareftirlit, sbr. 22. gr. grunnreglugerðarinnar. Eins og áður er fram komið var 22. gr. felld úr gildi með reglugerð nr. 1224/2009. Nú er í 9. gr. síðastnefndrar reglugerðar ákvæði um fiskveiðieftirlitskerfi.
118	Vísað er í 1. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 2847/93 sem hefur verið felld úr gildi. Nú gildir ákvæði 4. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 1224/2009 sem kveður á um að aðildarríki skuli tryggja að við eftirlit og skoðun sé þess gætt að ekki sé mismunað eftir

⁵¹ Council Regulation (EC) No 700/2006 of 25 April 2006 repealing Regulation (EC) No 3690/93 establishing a Community system laying down rules for the minimum information to be contained in fishing licences.

⁵² Commission Regulation (EC) No 1281/2005 of 3 August 2005 on the management of fishing licences and the minimal information to be contained therein.

þjóðerni, bæði hvað varðar fiskiskip og einstaklinga.

Í lok kaflans er þess getið að samkvæmt ákvæðum grunnreglugerðarinnar, reglugerð nr. 2847/93 og almennum reglum eigi yfirvöld í aðildarríkjum að grípa til aðgerða ef þau komast að raun um brot á reglum hinnar sameiginlegu fiskveiðistefnu. Þrátt fyrir að vísun í þessar reglugerðir eigi ekki við lengur þá er sama niðurstaða af þeim reglugerðarákvæðum sem nú gilda.

II. hluti. Íslenska fiskveiðistjórnunarkerfið

1. kafli. Inngangur

121 Þar er þess getið að sjávarútvegurinn skapi um 15% landsframleiðslunnar beint en í heild umtalsvert meira. Hin síðustu ár hefur sjávarútvegurinn skapað beint um 6-8% af landframleiðslu en í heild að líkindum talsvert meira.⁵³

2. kafli. Lagalegur grundvöllur fiskveiðistjórnunarkerfisins

122 Á síðunni er vísað til 2. mgr. 2. gr. laga nr. 38/1990. Lögunum hefur verið breytt og þau endurútgefin sem lög um stjórn fiskveiða nr. 116/2006 en sú grein sem hér er vísað í er óbreytt.

122-
123 Á bls. 122-123 er vísað til tveggja dóma þar sem reyndi á rétt ríkisins til að takmarka fiskveiðar innan fiskveiðilandhelgi Íslands. Má hér einnig benda á Hrd. frá 8. október 2009 í máli nr. 39/2009 og Hrd. 2006, bls. 866. Í framangreindum dómum var í raun ekki deilt um heimild íslenska ríkisins til að takmarka fiskveiðar heldur hvernig það skuli gert. Ágreiningsefnin vörðuðu hvernig áætla ætti viðmiðunartímabil við úthlutun aflahlutdeildar skv. 3. gr. laga nr. 38/1990. Í Hrd. 3. desember 2009, nr. 121/2009 krafðist E viðurkenningar á bótaábyrgð íslenska ríkisins á tjóni E árið 1999 sem falist hefði í því að hann hefði orðið af úthlutun aflahlutdeildar í þorski

⁵³ Samkvæmt upplýsingum á heimasíðu Hagstofunnar, www.hagstofa.is.

	<p>samkvæmt úthlutunarreglu 3. mgr. bráðabirgðaákvæðis II í lögum nr. 1/1999 um breytingu á lögum nr. 38/1990, þar sem tillit til nýlegrar veiðireynslu hafði ekki áhrif á hvaða aflahlutdeild kæmi til skipta milli báta sem veiddu á línu- og handfæri og að skipting aflahlutdeildar hefði einungis ráðist að hluta af nýlegri aflareynslu. E taldi að ef tillit hefði verið tekið til nýlegrar veiðireynslu hans hefði það leitt til þess að aflahlutdeild hans hefði orðið meiri en raun varð þar sem lög nr. 1/1999 tækju aðeins mið af eldri aflareynslu. Taldi E að lagasetningin hefði brotið gegn stjórnarskrárbundnum réttindum sínum. E byggði varakröfur sínar meðal annars á því að tilgreind ákvæði fiskveiðistjórnunarlaga og ráðstafanir á grundvelli þeirra gengju gegn jafnræðisreglu stjórnarskrár og eignaréttarákvæði hennar. Ekki var fallist á kröfur E og íslenska ríkið sýknað.</p>
125	<p>Á bls. 125 er vísað til laga nr. 38/1990 en eins og áður segir hefur lögnum verið breytt og þau endurútgefin sem lög um stjórn fiskveiða nr. 116/2006.</p>

3. kafli. Reglur um fiskveiðistjórnun

130	<p>Vísað er til laga nr. 38/1990 en nú gilda lög um stjórn fiskveiða nr. 116/2006.</p>
130- 131	<p>Þar er vísað í 3. gr. laga nr. 38/1990. Sambærilegt ákvæði er nú í 3. gr. laga nr. 116/2006 en þar segir nú einnig að hið sama eigi við um afla sem fæst við veiðar sem fara fram í fræðsluskyni, enda séu veiðarnar óverulegar og aflinn ekki fénýttur, og um afla sem veiddur er í rannsóknarskyni.</p>
132	<p>Minnst er á 2. mgr. 3. gr. laga nr. 38/1990. Sambærilegt ákvæði er nú í 2. mgr. 3. gr. laga nr. 116/2006. Þar er einnig vísað í 4. gr. eldri laganna en 4. gr. nógildandi laga er sama efnis. Það sama á við um 5. gr. eldri laga sem er nú í 5. gr. nógildandi laga. Tilvísun á sömu síðu til 1. mgr. 7. gr. á nú við um 1. mgr. 8. gr. nógildandi laga.</p>
133	<p>Á síðunni er tilvísun í 7. gr. laga nr. 38/1990. Þar hafa breytingar verið gerðar og verður þeirra helstu getið hér. Nú eru ákvæði um heildarafla í 8. gr. laga nr. 116/2006. Þar segir í 1. mgr. að veiðar á þeim tegundum sjávardýra, sem ekki sæta takmörkun á leyfilegum heildarafla skv. 3. gr., séu frjálsar öllum þeim skipum, sem leyfi fá til veiða í atvinnuskyni skv. 4. gr., með þeim takmörkunum sem leiði af</p>

almennum reglum um veiðisvæði, veiðarfæri og veiðitíma.⁵⁴ Í 2. mgr. segir svo að veiðiheimildum á þeim tegundum, sem heildarafla er takmarkaður af, skuli úthlutað til einstakra skipa. Skal hverju skipi úthlutað tiltekinni hlutdeild af leyfðum heildarafla tegundarinnar. Nefnist það *aflahlutdeild* skips og helst hún óbreytt milli ára.

Í 3. mgr. 8. gr. segir nú að aflamark veiðiskips á hverju fiskveiðiári, veiðitímabili eða vertíð ræðst af leyfðum heildarafla í viðkomandi tegund og hlutdeild skipsins í þeim heildarafla skv. 2. mgr. 8. gr., að frádregnu hlutfalli af magni hvarrar tegundar sem skal vera allt að 5,3%. Svo segir að það sama gildi um aflamark samkvæmt lögum nr. 151/1996. Ráðherra er falið að ákveða hlutfall skv. 1. másl. málsgreinarinnar. Við þá ákvörðun skal hann leitast við að hlutfallið sé sem næst í samræmi við að mætt sé magntölum 5. mgr. greinarinnar þegar skipti hafa farið fram skv. 6. mgr.

Í 4. mgr. 8. gr. eru nánari ákvæði um frádrátt samkvæmt 1. másl. 3. mgr. 9. gr. Í 5. mgr. 8. gr. segir svo að aflamagn sem dregið er frá heildarafla í hverri tegund skv. 3. mgr. skuli varið til að mæta áföllum skv. 1. tölul. 1. mgr. 10. gr., til stuðnings byggðarlögum skv. 2. tölul. 1. mgr. 10. gr., til línuvinnunar skv. 11. gr. og til strandveiða skv. 6. gr. a.

Í 6. mgr. 8. gr. segir að því aflamagn sem dregið er frá heildarafla skv. 3. mgr. í öðrum tegundum en þeim sem úthlutað er skv. 5. mgr. skal skipt í viðkomandi tegundir samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra. Ráðherra er heimilt að fela Fiskistofu ákveðna framkvæmdaþætti til að tryggja að skipti þessi geti gengið eftir. Jafnframt er heimilt að flytja milli fiskveiðiára aflaheimildir samkvæmt þessu ákvæði. Í 7. mgr. 8. gr. er ráðherra svo veitt heimild til að kveða nánar um framkvæmd ákvæða greinarinnar í reglugerð.

⁵⁴ Á 1. mgr. 8. gr. laga 38/1990 reyndi í Hrd. 8. október 2009, nr. 39/2009.

	<p>Neðst á bls. 133 er vísað í 5. mgr. 12. gr. eldri laga. Sambærilegt ákvæði er nú í 5. mgr. 15. gr. nógildandi laga frá 2006.</p>
136	<p>Á síðunni er tilvísun í 6. gr. b í lögum nr. 38/1990. Ákvæðið um krókabóta er nú að finna í 7. gr. nógildandi laga en þar segir að bátum sem veiðileyfi hafa með krókaflamarki er heimilt að stunda veiðar úr þeim tegundum sem þeir hafa krókaflamark í og enn fremur tegundum sem ekki sæta takmörkunum á leyfilegum heildarafla. Ráðherra skal setja reglur um leyfðan meðafla. Krókaflamark er óheimilt að nýta á annan hátt en við línu- og handfæraveiðar. Svo segir í ákvæðinu að þó sé ráðherra heimilt að veita krókaflamarksbátum leyfi til að stunda veiðar á botndýrum með þeim veiðarfærum sem til þarf, svo sem plógum og gildrum, svo og til hrognkelsaveiða í net.</p> <p>Tilvísun í 11. gr. á sömu blaðsíðu á nú við um 8. mgr. 15. gr. laga nr. 116/2006. Á neðri hluta blaðsíðunnar er vísað til efnis 2. mgr. 6. gr. laga nr. 38/1990. Ákvæðið var fellt úr gildi með lögum nr. 28/2005.</p>
137	<p>Vísað er til ákvæða 11. gr. laga nr. 38/1990. Nú segir í 1. mgr. 12. gr. laga nr. 116/2006 að farist skip skuli útgerð þess halda aflamarki þess við úthlutun í upphafi næsta fiskveiðiárs eða veiðitímabils þar á eftir enda hafi aflahlutdeild þess ekki verið flutt til annars fiskiskips. Að öðru leyti um tilvísanir til 11. gr. má vísa til sambærilegra ákvæða í 12. gr. nógildandi laga.</p> <p>Neðarlega á bls. 137 er þess getið að hámark sé á mögulegri aflahlutdeild einstakra útgerðaraðila. Sambærilegt ákvæði er nú í 1. mgr. 13. gr. laga nr. 116/2006 þar sem hámarksaflahlutdeild er almennt 20% nema 12% í þorski og 35% í karfa. Um samanlagða aflahlutdeild fiskiskipa í eigu einstakra eða tengdra aðila af heildarverðmæti aflahlutdeildar allra tegunda er nú mælt fyrir um 12% hámark í 2. mgr. 13. gr.</p>
138	<p>Á bls. 138 er vikið að því að lögum nr. 38/1990 hafi verið breytt með lögum nr. 85/2002. Þær breytingar sem gerðar voru að þessu leyti héldu sér í lögum nr. 116/2006.</p>

138- 139	<p>Þar er fjallað um meginregluna um framsal aflamarks og takmarkanir á henni. Reglan var í 12. gr. laga nr. 38/1990 en er nú í 15. gr. laganna frá 2006. Reglan er óbreytt að öðru leyti en því að nú er það skilyrði sett, að áður en Fiskistofa staðfestir framsal aflamarks skal stofnunin fá staðfestingu Verðlagsstofu skiptaverðs um að fyrir liggi samningur útgerðar og áhafnar um fiskverð til viðmiðunar hlutaskiptum. Þá ber einnig að nefna breytingar varðandi fjórðu takmörkun reglunnar en nú segir í 5. mgr. 15. gr.: „Veiði fiskiskip minna en 50% á fiskveiðiári af úthlutuðu aflamarki sínu og aflamarki sem flutt hefur verið frá fyrra fiskveiðiári, í þorskígildum talið, fellur aflahlutdeild þess niður og skal aflahlutdeild annarra skipa í viðkomandi tegundum hækka sem því nemur. Skal við mat á þessu hlutfalli miðað við verðmæti einstakra tegunda í aflamarki skips í samræmi við verðmætahlutföll þeirra, sbr. 19. gr. Viðmiðunarhlutfall, sem ákveðið er í þessari málsgrein, lækkar þó um 5% fyrir hverja fulla 30 daga sem skipi er haldið til veiða utan fiskveiðilandhelgi Íslands á fiskveiðiárinu á þeim tegundum sem ekki hefur verið samið um veiðistjórn á. Hið sama á við þegar skipi er haldið til veiða utan lögsögu á tegundum sem samið hefur verið um veiðistjórn á og ekki teljast til deilistofna.“</p>
139	<p>Á bls. 139 er tilvísun í 7. gr. laga nr. 38/1990 en nú eru ákvæði um úthlutun veiðiheimilda í 8. gr. laga nr. 116/2006.</p>
142	<p>Þar er vísað í lög nr. 38/1990 en nú gilda ákvæði laga nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða.</p>
143	<p>Á síðunni er vísað til reglugerðar um þorskfisknet nr. 64/1998. Um þorskfisknet gildir nú reglugerð nr. 115/2006. Þá er einnig vísað í reglugerð um gerð og útbúnað smáfiskaskilju sem felld hefur verið á brott. Nú tekur reglugerð um gerð og útbúnað smáfiskaskilju og notkun á 155 mm poka í botnvörpu til smáfiskaskilju nr. 724/2006.</p> <p>Tilvísun í 3. gr. laga nr. 38/1990 á nú við um 3. gr. laga nr. 116/2006.</p> <p>Vísað er til reglugerðar nr. 75/1998 sem sett var á grundvelli 1. mgr. 7. gr. laga nr. 79/1997. Reglugerðin hefur nú verið felld á brott. Nú hafa reglugerðir nr. 700/2004, nr. 702/2004 og nr. 196/2009 verið settar á grundvelli 7. gr. laganna.</p>

144	<p>Á bls. 144 er vísað til reglugerðar um friðunarsvæði við Íslands, nr. 494/1998. Nú er í gildi reglugerð um friðunarsvæði við Ísland nr. 310/2007.</p> <p>Vísað er í 1. mgr. 9. gr. laga nr. 57/1996. Ákvæðinu hefur verið breytt en nú segir í 4. málsli. 1. mgr. 9. gr.: „Ákveði ráðherra á grundvelli laga um stjórn fiskveiða að fiskur undir tiltekinni stærð eða þyngd teljist aðeins að hluta með í aflamarki skal hann setja reglur um hvernig að frágangi hans um borð í veiðiskipi og vigtun skuli staðið.“ Með breytingunum var heimilað að miða einnig við þyngd fisksins. Nú er ekki gerð skilyrðislaus krafa um að fiskinum verði haldið aðskildum frá öðrum fiski um borð heldur skal ráðherra setja reglur um hvernig eftirliti með þessu atriði skuli varið.</p> <p>Þar sem vísað er til 6. mgr. laga nr. 38/1990 er nú ákvæði sama efnis í 6. mgr. 11. gr. laga nr. 116/2006. Nú gilda ákvæði 5. mgr. 7. gr. reglugerðar um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2010/2011 nr. 662/2010 í stað ákvæða í reglugerð nr. 603/2002 sem vísað er til á síðunni.</p>
145	<p>Á bls. 145 er vísað til 1. gr. reglugerðar um nýtingu afla og aukaafurða nr. 350/1996. Sambærilegt ákvæði er ekki að finna í núgildandi reglugerð um nýtingu afla og aukaafurða nr. 601/2003.</p>

4. kafli. Veiðigjald

149	<p>Í 4. kafla bókarinnar er fjallað um veiðigjald en í V. kafla laga nr. 38/1990 voru ákvæði þar að lútandi. Nú gilda ákvæði V. kafla laga nr. 116/2006 um veiðigjald. Á bls. 149 er vísað til 1. mgr. 20. gr. eldri laga en nú gildir 1. mgr. 20. gr. laga nr. 116/2006 og er hún óbreytt frá eldri lögum.</p>
-----	---

150	<p>Á síðunni er vísað til 21.-23. gr. eldri laganna, í núgildandi lögum eru sambærileg ákvæði í 21.-23. gr. að öðru leyti en því að nú er veiðigjald 13,3% af þeirri fjárhæð í krónum fyrir hvert þorskígildiskílógramm í stað 9,5%. Þá hefur verið bætt við nýrri grein, þ.e. 23. gr. a sem kveður á um að tekjur af veiðigjaldi skuli renna í ríkissjóð en þó sé heimilt að ráðstafa 15% tekna af veiðigjaldi til sveitarfélaga. Nánari útfærsla skal koma fram í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2012.</p>
-----	--

5. kafli. Takmarkanir á eignarhaldi útlendinga í sjávarútvegi

151- 154	<p>Á þessum blaðsíðum er vísað í 4. gr. laga nr. 34/1991. Fyrstu málsgrein greinarinnar var breytt með lögum nr. 108/2006. Fyrsti töluliður 1. mgr. 4. gr. er þó óbreyttur.</p>
156	<p>Þar er vísað til 1. mgr. 6. gr. a í lögum nr. 38/1990. Nú gildir 1. mgr. 6. gr. laga nr. 116/2006 en ákvæðið er sama efnis.</p>

6. kafli. Styrkir til sjávarútvegs

157- 159	<p>Á bls. 157-159 er fjallað um Þróunarsjóð sjávarútvegsins sem settur var á lagginnar með lögum nr. 92/1994. Lögin hafa nú verið felld úr gildi með lögum nr. 27/2005 og sjóðurinn lagður niður. Í 1. gr. laga nr. 27/2005 segir meðal annars: „Skulu eignir sjóðsins umfram skuldir að loknum gildistíma laganna renna til Verkefnasjóðs sjávarútvegsins og andvirði þeirra varið til hafrannsóknna.“</p>
159	<p>Vísað er til laga um tekjuskatt og eignarskatt nr. 75/1981. Nú gilda ákvæði laga um tekjuskatt nr. 90/2003. Vísað er til 68. gr. eldri laga en nú gilda um persónuafslátt ákvæði 67. gr. laga nr. 90/2003. Ákvæði 4. mgr. 68. gr. eldri laga sem vísað er til er nú að finna óbreytt í 4. mgr. 67. gr. hinna nýju laga. Sjómannaafsláttur telst ekki til skattskyldra tekna skv. 7. tölul. 28. gr. núgildandi laga nr. 90/2003. Sjómannaafsláttur er nú kr. 987,- á hvern dag skv. 7. mgr. 67. gr. Í neðanmálsgrein er vísað í 6. mgr. 68. gr. eldri laga en efni greinarinnar er nú að finna í 6. mgr. 67. gr. laga nr. 90/2003.</p>

7. kafli. Fiskveiðisamningar og alþjóðlegt samstarf

160	Vísað er til 6. tl. 1. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 96/1969. Sama ákvæði er nú að finna í 6. tl. 1. mgr. 12. gr. reglugerðar um Stjórnarráð Íslands nr. 177/2007.
164- 165	Á þessum blaðsíðum er vísað í samning milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2001, frá 2. mars 2001. Samningar sem þessi hafa verið gerðir árlega og frá árinu 1996 hafa þeir heimilað færeyskum skipum að veiða loðnu, síld og kolmunna í íslenskri lögsögu. Á móti hafa íslensk skip fengið að veiða makríl og síld í færeyskri lögsögu. Í samningnum er einnig mælt fyrir um fjölda þeirra skipa sem mega stunda veiðar, á hvaða svæðum auk annarra reglna um fiskveiðar. ⁵⁵

8. kafli. Markaðs- og verðskipulag

171	Vísað er til laga nr. 123/1989. Þau hafa nú verið felld úr gildi en nú gilda ákvæði laga um uppboðsmarkaði sjávarafla nr. 79/2005. Í 2. mgr. 1. gr. laganna segir að sjávarútvegsráðherra veiti leyfi til reksturs uppboðsmarkaðar fyrir sjávarafla að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Þar segir einnig að við veitingu leyfa skuli ráðherra meðal annars meta hvort skilyrði séu til frjálsrar verðmyndunar á uppboðsmarkaði með hliðsjón af líklegu fiskframboði, fjölda fiskvinnslustöðva á markaðssvæði og starfsemi annarra uppboðsmarkaða.
172	Á bls. 172 er vísað til laga nr. 123/1989 en eins og áður sagði tóku lög nr. 79/2005 við af þeim. Á sömu síðu er vísað til laga um útflutningsleyfi o.fl. nr. 4/1988. Lögin voru felld úr gildi með lögum um eftirlit með þjónustu og hlutum sem geta haft hernaðarlega þýðingu nr. 58/2010.
173	Neðanmáls er fjallað um nefnd skv. lögum nr. 13/1998. Ákvæði 2. mgr. 9. gr. hefur

⁵⁵ Um samninginn er meðal annars fjallað á bls. 134 í svörum íslenskra stjórnvalda til Evrópusambandsins vegna aðildarumsóknar Íslands, sem birt eru á vefsíðunni http://esb.utn.is/media/esb_svor/13_-_Fisheries/Ch._13_-_Fisheries-FINAL.pdf.

	<p>verið breytt og segir nú: „Í nefndinni eiga sæti níu menn skipaðir af ráðherra. Af þeim skulu Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, Sjómannasamband Íslands og Félag vélstjóra og málmæknimanna tilnefna einn fulltrúa hvert og einn fulltrúa sameiginlega. Þá skal Landssamband íslenskra útvegsmanna tilnefna þrjá fulltrúa og Landssamband smábátaeigenda einn fulltrúa. Loks skipar ráðherra formann nefndarinnar án tilnefningar en að höfðu samráði við framangreind samtök sjómanna og útvegsmanna. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt og aðalmenn.“</p>
--	---

9. kafli. Eftirlit með veiðum og vinnslu. Viðurlög

175	<p>Á síðunni er fjallað um verkefni Fiskistofu, skv. 2. gr. laga um Fiskistofu nr. 36/1992. Ákvæðinu hefur nú verið breytt. Fiskistofa skal enn annast framkvæmd laga um stjórn fiskveiða og eftirlit með fiskveiðum en nú segir einnig í 2. gr. að Fiskistofa skuli annast stjórnslu og eftirlit samkvæmt lögum um lax- og silungsveiði, lögum um fiskrækt o.fl. Þá ber Fiskistofu að annast söfnun, úrvinnslu og útgáfu upplýsinga á sviði sjávarútvegsmála, lax- og silungsveiði, fiskræktar, fiskeldis o.fl., ásamt því að sjá um önnur verkefni sem stofunni verða falin með lögum eða ákvörðun ráðherra.</p> <p>Einnig er vísað til laga nr. 38/1990. Eins og áður er komið fram gilda nú um sama efni lög nr. 116/2006.</p>
176	<p>Á bls. 176 er tilvísun í 2. mgr. 15. gr. laga nr. 38/1990. Nú er mælt fyrir um víðtæka upplýsingaskyldu í 2. mgr. 17. gr. laga nr. 116/2006. Á sömu síðu er vísað í 1. mgr. 17. gr. en nú eru ákvæði um eftirlitsmenn í 18. gr. laga nr. 116/2006.</p>
177	<p>Á síðunni er vísað til 1. mgr. 15. gr. laga nr. 38/1990. Nú er fjallað um afladagbækur í 1. mgr. 17. gr. laga nr. 116/2006 en þar segir að skipstjórnarmenn veiðiskipa, sem hljóta veiðileyfi í atvinnuskyni skv. 5. gr., skuli halda sérstakar afladagbækur sem Fiskistofa leggur til. Í 2. másl. greinarinnar segir að með reglugerð skuli kveða nánar á um þær upplýsingar sem skrá skal í afladagbækur, form þeirra og skil til Fiskistofu.</p> <p>Ráðherra hefur sett reglugerð um afladagbækur nr. 557/2007 en hún felldi úr gildi</p>

	<p>reglugerð nr. 303/1999 sem vísað er til á bls. 177. Vísað er til 5. gr. eldri reglugerðar en sambærilegt ákvæði er nú í 6. gr. reglugerðarinnar frá 2007. Tilvísun í 7. gr. eldri reglugerðar á nú við um 8. gr. þeirrar nýju.</p> <p>Vísað er til laga nr. 55/1998 en þeim var breytt með lögum nr. 143/2009 og heita nú lög um sjávarafurðir. Matvælastofnun annast framkvæmd laganna og reglna settum samkvæmt þeim, sbr. 4. gr. laganna.</p>
177	<p>Þar er vísað í 1. gr. þáverandi laga um Landhelgisgæslu Íslands. Nú gildir 1. gr. laga um Landhelgisgæslu Íslands nr. 52/2006 en ákvæðið breytir umfjölluninni ekki efnislega.</p>
178	<p>Nú er mælt fyrir um leyfissviptingar í 24. gr. laga nr. 116/2006 en áður giltu ákvæði 24. gr. laga nr. 38/1990.</p> <p>Ákvæði um sektir, fangelsi og sérstakt gjald vegna ólögsmæts afla eru nú í 25. gr. laga nr. 116/2006 en áður giltu ákvæði 25. gr. laga nr. 38/1990.</p>

IV. hluti. Helstu niðurstöður og staða Íslands

3. kafli. Inngangur

121	<p>Malta fékk undanþágu frá reglugerð nr. 3760/92 við inngöngu í Evrópusambandið. Í 5. kafla 6. viðauka aðildarsamningsins segir að reglugerð nr. 3760/92 taki til Möltu með þeirri undantekningu sem þar er nefnd. Undantekningin lýtur að veiðum Möltu á túnfiski en heimildir Möltu til þeirra veiða eiga að vera í samræmi við ráðleggingar Alþjóðlegs ráðs um verndun túnfisks í Atlantshafinu.⁵⁶</p> <p>Þá fékk Malta tímabundna undanþágu sem hefur enga þýðingu hér.</p> <p>Í viðauka III við aðildarsamning eru undanþágur frá fiskveiðistefnu Evrópusambandsins (í 3. kafla). Þar er mælt fyrir um breytingar á reglugerð nr.</p>
-----	--

⁵⁶ International Commission for the Conservation of Atlantic Tunas.

1626/94 um tæknilegar verndarráðstafanir vegna viðhalds fiskistofna í Miðjarðarhafinu og áttu þær breytingar að eiga sér stað fyrir inngöngu Möltu í Evrópusambandið. Þessar breytingar voru gerðar með reglugerð nr. 813/2004.⁵⁷ Reglurnar er nú að finna í reglugerð nr. 1967/2006.⁵⁸

Breytingarnar lúta að veiðum á hafsvæðum í kringum Möltu, vísast í reglugerð nr. 813/2004.

Þá voru einnig gerðar breytingar á reglugerð nr. 88/98.⁵⁹ Breytingarnar lúta að veiðum á Rígaflóa. Reglugerð nr. 88/98 hefur nú verið felld úr gildi með reglugerð nr. 2187/2005.⁶⁰

Í 9. mgr. 6. gr. aðildarsamnings Möltu o.fl. sést vel að vald til að stjórna fiskveiðum ríkis er framselt til Evrópusambandsins við inngöngu í sambandið.⁶¹

Athuga verður að þær tilhliðranir sem Malta fékk eru að finna í gerðum Evrópusambandsins. Þeim gerðum getur Evrópusambandið svo breytt með þeirri málsmeðferð sem um það gildir innan sambandsins.

⁵⁷ Council Regulation (EC) No 813/2004 of 26 April 2004 amending Regulation (EC) No 1626/94 as regards certain conservation measures relating to waters around Malta.

⁵⁸ Council Regulation (EC) No 1967/2006 of 21 December 2006 concerning management measures for the sustainable exploitation of fishery resources in the Mediterranean Sea, amending Regulation (EEC) No 2847/93 and repealing Regulation (EC) No 1626/94.

⁵⁹ Council Regulation (EC) No 88/98 of 18 December 1997 laying down certain technical measures for the conservation of fishery resources in the waters of the Baltic Sea, the Belts and the Sound.

⁶⁰ Council Regulation (EC) No 2187/2005 of 21 December 2005 for the conservation of fishery resources through technical measures in the Baltic Sea, the Belts and the Sound, amending Regulation (EC) No 1434/98 and repealing Regulation (EC) No 88/98.

⁶¹ Í 9. mgr. 6. gr. aðildarsamningsins segir: „As from the date of accession, fisheries agreements concluded by the new Member States with third countries shall be managed by the Community.

The rights and obligations resulting for the new Member States from those agreements shall not be affected during the period in which the provisions of those agreements are provisionally maintained.

As soon as possible, and in any event before the expiry of the agreements referred to in the first subparagraph, appropriate decisions for the continuation of fishing activities resulting from those agreements shall be adopted in each case by the Council acting by qualified majority on a proposal from the Commission, including the possibility of extending certain agreements for periods not exceeding one year.“